

Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis
Alþingi
150 Reykjavík

Reykjavík, 21. október 2019
Tilvísun: 2019091809/SBM

Efni: Viðbót við umsögn um frumvarp til laga um skráningu einstaklinga

Persónuvernd vísar til beiðni allsherjar- og menntamálanefndar Alþingis frá 26. september 2019 um umsögn um frumvarp til laga um skráningu einstaklinga (þskj. 101, 101. mál á 150. löggjafarþingi).

Persónuvernd veitti umsögn sína með bréfi, dags. 17. október 2018. Til viðbótar þeim athugasemdum sem gerðar voru með fyrrgreindri umsögn vill Persónuvernd koma eftirfarandi á framfæri.

1.

Í 6. gr. frumvarpsins er upptalning þeirra upplýsinga sem skulu skráðar í Þjóðskrá, eftir því sem við á. Þeirra á meðal er bannmerking, sbr. 14. tölul. ákvæðisins. Þá segir í 3. mgr. 15. gr. frumvarpsins að Þjóðskrá Íslands skuli halda upplýsingar um þá einstaklinga sem andmæla því að nöfn þeirra séu notuð í markaðssetningarstarfsemi, sbr. 21. gr. laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga, nr. 90/2018.

Í 7. kafla almennra athugasemda við frumvarp það er varð að lögum nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga segir að í frumvarpinu sé að finna ýmsar sérreglur um tiltekin svið sem hafi jafnframt verið í þágildandi lögum nr. 77/2000, m.a. um bannskrá Þjóðskrár Íslands. Ætla megi að sum þessara ákvæða ættu frekar heima í sérlögum, en ákveðið hafi verið að viðhalda þeim inni í lögum um persónuvernd á meðan ekki væri ljóst hvort þau yrðu fest annars staðar í almenn lög, svo ekki skapaðist mögulegt tómarúm og lakari réttarvernd.

Í ljósi framangreinds og þess frumvarps til laga um skráningu einstaklinga sem lagt hefur verið fram er að mati Persónuverndar ekki lengur sú þörf sem áður var talin á því að hafa ákvæði um bannskrá Þjóðskrár Íslands, sbr. 2.-3. mgr. 21. gr. laga nr. 90/2018, inni í lögum um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga. Telur Persónuvernd að réttindi einstaklinga séu nægilega tryggð með því að hafa fyrrgreind ákvæði um skráningu bannskrár í sérlögum sem þessum, um skráningu einstaklinga. Þá fari betur á því að sérákvæði sem þessi séu tiltekin í sérlögum á borð við lög um skráningu einstaklinga fremur en í almennum lögum líkt og lögum um persónuvernd.



Leggur Persónuvernd því til að ákvæði 2. og 3. mgr. laga nr. 90/2018, um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga, er varða bannskrá Djódskrár Íslands, verði felld út úr lögnum og efni þeirra fært eftir því sem við á undir 3. mgr. 15. gr. frumvarpsins.

F.h. Persónuverndar,


Helga Sigríður Þórhallsdóttir


Þórður Sveinsson